

Reykjavík 9. janúar 2025

Efni: Umsögn Fuglaverndar um drög að flokkun tíu vindorkukosta

Fuglavernd hefur tekið drög verkefnisstjórnar rammaáætlunar um flokkun tíu vindorkukosta til skoðunar. Félagið fagnar því að fjallað sé sérstaklega um fuglalíf, haferni og mikilvæg fuglasvæði, og að litið sé til þessara þátta við mat verkefnisstjórnar, en vill koma eftirfarandi á framfæri:

- 1) Varðandi skörun við mikilvæg fuglasvæði og farleiðir fugla:** Fuglavernd vill árétta mikilvægi þess að vindorkuver rísi ekki innan marka mikilvægra fuglasvæða skv. kortlagningu Náttúrufræðistofnunar, né á mikið förnum farleiðum fugla, en bendir á að ekki er nóg að miða við útlínur þessara svæða, heldur er einnig mikilvægt að vindorkuver rísi ekki innan **jaðarsvæða** þessara svæða. Fuglar eru mjög hreyfanlegar lífverur, sem ferðast inn og út af mikilvægum fuglasvæðum, og því er ekki síður mikilvægt að tryggja vernd þeirra í nálægð við mikilvæg fuglasvæði. Ekki ætti að leyfa uppbyggingu vindorkuvers í nálægð við mikilvægt fuglasvæði fyrr en fram hefur farið kortlagning á umfangi og mikilvægi jaðarsvæðis þess.
- 2) Varðandi haferni:** Mikilvægra nýrra gagna hefur verið aflað síðustu ár um ferðir ungra hafarna en nauðsynlegt er að taka tillit til takmarkanna þessara gagna þegar ákvarðanir eru teknar varðandi staðsetningu vindorkuvera. Hér ber að nefna sérstaklega:
 - Varast ber að túlka gögn á þann hátt að engir hafarnir nýti ákveðið svæði innan útbreiðslusvæðis arna þótt merktir ernir nýti það ekki eða lítið. Merktir ernir eru einungis lítill hluti af stofninum á hverjum tíma, og þar sem ernir eru óðalsdýr og ungir ernir sem ekki hafa parast almennt einfarar, er líklegt að ómerktir einstaklingar fara um svæði sem merktir einstaklingar fara ekki um. Til að átta sig á umfangi slíks atferlis þarf að greina gögnin um unga hafarni til að skoða skörun á ferðum einstaklinga í tíma og rúmi, sem og að hversu miklu leyti þeir forðist hver annan.
 - Eftir á að leiðrétta skekkju í gögnunum á milli árstíma, þar sem fleiri staðsetningar fást á sumrin en á veturna. Ástæða þess er að sólarrafhlaða knýr senditækin og hún nær lítið að hlaða sig yfir háveturinn. Langt er þá á milli staðsetninga og oft aðeins ein staðsetning á hverjum degi. Þetta getur gert það að verkum að vetrarferðalög og mikilvæg vetrarsvæði verði vanmetin. Nauðsynlegt er fullvinna gögn um ferðir arna eftir árstímum, með viðurkenndum vísindalegum aðferðum, til að átta sig á vægi slíkrar skekkju áður en ákvarðanir eru teknar varðandi uppbyggingu vindorkuvera.
 - Þar sem einungis ungir fuglar hafa verið merktir, eru ferðalög og mikilvæg svæði fyrir fullorðna erni að öllum líkindum vanmetin, ef einungis er litið til

gagna um staðsetningar sendamerkra arna við ákvarðanatöku um uppbyggingu vindorkuvera. Nauðsynlegt er að fram fari heildarkortlagning á mikilvægi svæða fyrir erni, þar sem litið er til þekkra óðala varppara, ferða ungra hafarna með senditækjum, sem og líkurnar á að svæði sem ekki eru innifalin í þessum gögnum gætu samt sem áður verið örnun mikilvæg og vindorkuver á slíkum svæðum því valdið tjóni á stofninum.

Af þessu sést að staðsetningagögn um erni eru alls ekki tæmandi lýsing á landnotkun íslenskra arna. Vafann sem túlkun fyrirbyggjandi gagna felur í sér verður að túlka örnun í vil. Er því skynsamlegt að leyfa engin vindorkuver á helsta útbreiðslusvæði íslenskra arna.

- 3) **Varðandi flokkun vindorkukosta:** Í ljósi þess sem kemur fram í liðum 1) og 2) hér að framan, hvetur Fuglavernd eindregið til þess að eftirtaldir virkjunarkostir verði strax færðir í verndarflokk: a) Hrutavirkjun í Hrutafirði, b) Sólheimar í Laxárdal í Dölum, c) Hnotasteinn á Melrakkaslétu og d) Garpsdalur í Reykhólasveit.

Með góðum kveðjum, f.h. stjórnar Fuglaverndar,
Menja von Schmalensee, formaður
Hólmfríður Arnardóttur, framkvæmdastjóri